**144. löggjafarþing 2014–2015.**
**Þingskjal 987 — 570. mál.**

# Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um brot á banni við áfengisauglýsingum.

Frá Ögmundi Jónassyni.

1. Hversu margar ábendingar eða kærur hafa borist lögreglu, sýslumannsembættum, fjölmiðlanefnd og ríkissaksóknara sl. 10 ár vegna brots á banni við áfengisauglýsingum skv. 20. gr. áfengislaga, nr. 75/1998? Svar óskast sundurliðað eftir embættum/nefnd.
2. Hversu mörg mál af þessu tagi hafa viðkomandi embætti rannsakað að eigin frumkvæði á framangreindu tímabili?
3. Hversu margar kærur vegna brots á 20. gr. áfengislaga hafa verið gefnar út sl. 6 ár og hverjar eru lyktir þeirra?

**Skriflegt svar óskast.**